

**Nd.**

**257. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laga nr. 29 28. nóv. 1919 orðist svo:

Fyrir hvert skip, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, skal greiða vitagjald, 1 kr. af hverri nettó-smálest af rúmmáli skipins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 20 aura í vitagjald af hverri smálest.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1946.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra. Með því er ætlað til að samræma meira en nú er lög um gjöld af innlendum skipum, lestagjaldið og vitagjaldið.